

Morgunblaðið

18. tgl. 60. árg.

ÞRÐJUDAGUR 23. JANUAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.

ELDGOS Í HEIMAEY

1000 metra sprunga opnaðist – Hraunflóðið rann í sjó fram – Byrjað var að flytja íbúana í burtu s.l. nött

HELGAFELL í Vestmannaeyjum tók að gjósa í nött klukkan 02. Í fjallinu myndaðist nálega kílómetars sprunga frá ölxinni austanvert í fjallinu og langleiðina niður í sjó. Mikil hraun rann úr sprungunni, en það rann allt í sjó fram milli Kirkjubæjar og Flugvatanga og þegar síðast fréttist áður en Morgunblaðið fór í prentun, rann hraunið ekki í átt til bæjarins. Þó var verið að gera ráðstafanir til þess að flytja alla á brott með þeim bátum og skipum, sem tiltæk voru. Miklar drunur fylgdu gosinu og lýsti það upp bæinn. Öllum skipum, sem voru á ferð í grennd við Eyjar var stefnt þangað, ef nauðsyn yrði á því að flytja fólk á brott úr Eyjunum.

Eldgosið er að sögn lögreglanar í Vestmannaeyjum rétt austan við byggðina. Hraunið stefnir af Heimaey á Urðarvítann og stefnir ekki á kaupstaðinn um það leyti, sem blaðið fór í prentun síðastiðna nött. Um geysligot er að ræða, sagði lögreglan. Flugbrautin var ekki í hættu, en þó gengu hraunsleitir upp á flugvöllinn, enda gosstöðvarnar í aðeins 800 metra fjarlegð frá honum. Lögreglan gizkaði á að sprungan væri 700 til 1000 metra löng og gýs upp úr henni allri. Bæjarbúum sýndist mikill mökkur stíga til himins, þ.e.a.s. það sem sást af bjarma gossins, en myrkur grúði að sjálfsögðu yfir.

Íbúar í Vestmannaeyjum eru um 5.300. Ekkert stórt skip var í Eyjum í nött og var lögreglinum ókunnugt um hvaða skip væru í grennd við Eyjar.

Fólk var í nötki tekjil að tyga sig og halda niður að höfnumni

tíl þess að vera viðbúið því að fara í báta og flýja eyna og allir nothaefir bátar voru ræstir ef að pyrfti að halda.

Dr. Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur sagði í viðtali við Morgunblaðið í nött að samkvæmt þeim heimildum, sem hann hafði þá fengið frá Eyjum væri um hraungos að ræða. Sigurður sagði að hraungos væri að því leyti skárist, að menn gætu þó forðað sér undan því og auk þess væri hugsanelegt, að unnt væri að hefta hraunreinslíð, ef það tæki að renna að kaupstaðnum. Þó yrðu menn að vera við öllu búinir, því að alti gæti

Framhald á bls. 20.



Fulltrúar flotamálaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins á leiðinni á fundinn með togaramönnum í Hull í dag.

Home í neðri málstofunni:

„Sendum herskip á Íslands miðið ef þörf er á“

Fundir í Hull og Grimsby vilja láta íslenzk og brezkr verkalyðsfélög miðla málum

London, 22. jan. Einkaskeytti til Mbl. frá AP.
SIR Alec Douglas-Home, ut-

anrikisráðherra Bretlands, sagði á þingfund í neðri málstofu brezkrar hingsins í dag, að Íslendingum hefði verið tjáð að Bretar myndu senda herskip til verndar brezkum togrum á Íslands miðum ef nauðsyn krefði. Ráðherrann baðti því við að stjórnin vildi síður senda herskip, „því að þegar við sendum herskip byrjar þorskustríð.“

deiluna við íslendinga sem alra fyrst og á friðsamlegan hátt. Hann sagði að nýjasta tillaga Bretra fæli í sér að Bretar fengju að veiða 75% af því heildaraflamagni, sem þeir veiddu árið 1971, sem var 208 þúsund leistar. Skv. þessu fengju brezkrar togarar að veiða 156 þúsund leistar árlega. Home sagði að brezkrar stjórnin hefði lagt til að viðreður um málid yruðu teknar upp hið allra fyrsta, en að meðan hefði dráttarbáturnum Statesman verið sendur á Íslands mið til að stóða brezkrar togara.

Ráðherrann sagði að stjórnin leggi mikla áherlu að leysa

Crossland, þingmaður Verkamannafloksins sagði að ástandið á Íslands miðum fyrir brezkrar togara væri ópolandi og stórhættulegt og að sú stund geti runn ið upp að alvarlegt manntjón hlystist af átökunum við íslenzk herskip.

LAING

Austin Laing, framkvæmdastjóri félags brezkrar togaraigenda sagði í Hull í dag að einn dráttarbátur myndi ekki leysa vandamál brezkrar togaramanna, en sagði að þeir væru tilbúnir að búa átektu. Laing, sem var að koma af fundi „nefnar samteinlegra aðgerða“ brezkrar fiskiðnaðarins sagði einnig að hugsanlegt væri að fleiri dráttarbátar yrðu sendir ef Statesman næði

Framhald á bls. 20.



JOHNSON LÁTINN

LYNDON Baines Johnson, fyrrum Bandaríkjaforsætis, lézt í San Antonio í Texas laust fyrir miðnætti að ísl. tíma. Johnson varð 36. forseti Bandaríkjanna, er John Fitzgerald Kennedy

var myrtur 22. nóvember 1963.

Johnson varð 64 ára gamall.

Banamein hans var hjartaslag.

Morgunblaðið

19. tbl. 60. árg.

PRIÐJUDAGUR 23. JANÚAR 1973

Prentsmiðja Morgunblaðsins.



ÁTTA TÍMAR Í EYJUM

Frá því klukkan þrjú í nött voru fréttamenn og ljósmyndarar Morgunblaðsins yfir og við gosstaðinn í Vestmannaeyjum, og er þetta ein fyrsta myndin, sem tekin var úr lofti af gosinu. (Ljósm. ÖLK.M.) Hún er tekin í norður, kaupstaðurinn er fremst, öxl Helgafells sést til hægri og ber i eldgosið á bak við. Hér fylgir 12 síðna aukablað af Morgunblaðinu og flytur fréttir af gosinu og brottslutningi fólkssins. Á baksíðu eru fréttir frá blaðanum, sem var á staðnum frá í nötti og þar til blaðið fór í prentun.

AATHAFNABAER Í ELDBJARMA



FRÁSÖGN ELÍNAR PÁLMA-DÓTTUR, ER FLAUG YFIR GOSSTAÐINN KLUKKUTÍMA EFTIR AÐ GOSIÐ HÓFST

ELDSÚLURNAR upp af sprungunni austan í Helgafelli á Heimaey voru nær samfelldar og peyttu rauðglóandi slettum upp í að gizka 200 m hæð, þegar fréttamáður og ljósmyndari Mbl. flugu þar yfir klukkan að ganga fjögur í nöt. Gigaröðin virtist samfellt á tveggja metra langri sprungu, sem byrjaði nokkur hundruð metra frá

austurbrautarenda flugvallarins og liggur svo meðfram austurhlíð Helgafells og niður í sjó, skammt austan við höfnina. Hraunið var að byrja að hlæðast upp meðfram endilangri sprungunni og gubbaðist út af því austanmegin, þar sem hallaði niður af fjallinu og myndaði eins og eldgloandi blúndumynstur. En taumar voru farnir að renna á stóku stað niður í klettunum.

Hraunið, sem þarna spýttist upp, var sýnilega þumfljótandi og hvergi komin það storknuð skán. Gigaröðin er svo samfellt, að eldsúlurnar skiljast varla i sundur, heldur mynda eldvegg og munu gigarnir a þessari tveggja km löngu sprungu vera 50–60 talisins. Að sjá minnti gosið nokkuð á þau sprungugos, sem hér hafa sézt aður, eins og t.d. síðast í Heklu, nema hvað þessi sprunga er lengri. Gosið spýttist þumt upp og minnir að Öskjugosið, nema hvað það er lægra.

Einn mesti athafnabær landsins, Vestmannaeyjar, var þarna baðður rauðum bjarna frá eldum. Helgafell er á milli, nema þar, sem sprungan kemur fram undan því og fer í sjó. Í bjarmannum reis dökkt skuggamynd fjallsins og bar við rauðan nætur himininn með tignarlegum útlínum.

Bærinn var upplýstur og sýnilega mikil umferð þar, enda fólkid að fara niður á höfn í bátana, sem sáust streyma út úr höfu inni í röðum og sveigja fyrir endam að eldgosinu, þegar út kom. Þeir settu sinn svip á hessa stórkostlegu mynd, sem við sáum úr lofti.

Þar sem gosið kom í sjó, gaus upp gufusúð, sem breiddi úr sér, en ekkert öskufall var í nöt, enda gosið allt á landi og askan myndast, þegar sjór kemst að gosinu. Ef sprungan lengist lengra út í sjó, matti því búast við að úr getti orðið öskugos. Sprungan kemur í sjó skammt austan við beeinn, en nægilega fjarri höfnini til að ekki stað hefta af, eins og er.

Fréttamáður Mbl. voru í annarri flugvélinni, sem kom yfir gosstaðinn í nöt, flugvél frá Flugstöðinni, en á undan var Sigrún Jónsson, flugmaður í flugvél Flugmálastjórnarinnar, sem kannaði völum og lenti. Á hela honum lenti Elíezer Jónsson frá Flugstöðinni og töku báðir þungadar konur, gamalmenni og börn, sem höfðu farit upp á flugvöll, þegar heyrðist í fluevélum. I upphafi var óljóst hvort hegt yrði að lenda, því endinn á sprunguni er svo skammt frá brautarendanum og hafði sletzt þangað hraun. En það kom ekki að sök.

Sprungan, sem þarna hefur opnað í Heimaey, hefur súmu stefnu og sprungurnar í Mið-Atlantshafshrygnum, sem liggur með sprungum gegnum Ísland frá suðvestri til norðrusturs. Virðist sá hryggur að ekki at hafnasamur, því á honum hafa verið eldgos á Azoreyjum. Tristan da Cunha og mörg á Íslandi á síðari árum, þar á meðal Surtsjøargosið frá 1963–67.



Ingibjörg og dóttir hennar komu með fyrstu flugvélinni frá Eyjum í nöt.

Varnari-liðið lagði til vélar og þotur

Varnari-liðið á Keflavíkurfugvelli var strax reiðubúið til hjálparstarfs við fólk-flutningin milli Eyja og lands, að því er fréttamönnum var tjáð að fundi Almannavarnaráðs í morgun. „Ólkur er að eins ánægja að því, að geta nái hjá þeim ykkur og endur-gundar,“ sagði Commander Carleen Hess í viðtali við Mbl. í morgun.

Varnari-liðið lagði til fimm flugvélar, tvær þyrur, tver C-47 og eina af gerðinni C-117. Þyrlurnar taka 25 farapega í sæti eða 15 sjúklinga á börnum og hinan flugvélarnar taka 25–30 farapega hver. Þyrlurnar fóru 4 ferðir og fluttu 33 sjúklinga, sem allir voru á sjúkrabórum. 4 sjúkraliðar frá Varnari-liði voru á Eyjaflugvelli og hjálpuðu við að hlæði vélahernar.



FYRSTA FLÓTTA-FÓLKIE FRÁ EYJUM

FYRSTA flóttatíkkið frá Vestmannaeyjum kom á Reykjavíkflugvöll með flugvél Elíezer Jónssonar í Flugstöðinni um kl. 22:00 i nöt. Hafði flugvélinn farið með fróttamáður Mbl. til Eyja og leitt þar að brautinni. Og rétt í sameinum mund Jonti bar flugvél Flugmálastjórnarinnar. Þegar heyrðist í fyrstu flugvélunum, hafði fólk fljött sér upp á flugvöll í von um að hægt væri að lenda. Og komust þungaðar konur, gamalmenni og börn með þessum fyrstu tveimur flugvélum.

I fyrsta hópnun var Ólöf Þórarinssdóttir með líta dóttur sína (myndin til vinstrí). Hún á von á barni og var farið að bíða og því vildi hún ekki eiga á hætu að verða léttari um bord í báti á leið til lands, ef hún gati komið hja því.

Ólöf sagði fréttamanni blaðsins, að hún hefði verið vakin og strax ákvæðið að reyna að vera alveg róleg og það hefði sér tekist. Ólöf fjölskyldan fór strax í báti, sem tengdaðar hennar á Sveinbjörn Hálmsson, og lagði af stað út. En hún fór á flugvöllin með líta dóttur sína og komst í fyrstu ferð í burtu.

I súmu flugvél voru 5 aðrir fallorðnar og börn (nefri myndin). Þar var m.a. Jóhanna Þorsteinsdóttir, systir hennar, Sólveig og dóttirinn Ingibjörg og börn með þeim. Þær sigrðust hafa vakanad við brunaldúrunum, sem þeyttar var kl. 2:30 og gaf merki um hættu. Þær lítu út og heildi að hálfur þerinn væri að brenna, því þeim datt ekki í hug að þessi mikilli rauði bjarni gæti verið neiti annað. Þær drifin sig strax með börnini upp á flugvöll og voru svo heppnar að flugvélar gátu lent þær.

Það var rauðar óljóst, þar til þessar tvær lentsu. En þær purfa ekki langa braut.



„Vona bara að maður komist heim aftur sem fyrst“

Spjallað við nokkra Vestmannaeyinga á Reykjavíkurflugvelli

ÞEGAR fréttamenn Mbl. kemdu út á Reykjavíkurflugvöll var ein af Fokker-flugvélum Flugfélagsins, sem hélt uppi loftbrúnni milli lands og Eyja, að aka upp að flugstöðvarbyggingunni. Mikill fjöldi fólkis var á staðnum til að leita að ættingjum sínum og var ekki laust við að summir væru ærið áhyggjufullir á svipinn. Fólkid, sem steig út úr vélinni, var á öllum aldry og það virtist hálf hissa á öllu tilstandinu. Íjósínu frá sjónvarpsmyndavélunum og flassljósum ljósmyndara.

Við náðum tali af nokkrum Vestmannaeyingum, sem fara hér á eftir.

Kristinn Pálsson, Hásteinsvegi 36 kom út úr flugvélinni með líta dóttur sina Elísabetu í fang inu. Sú lítila var eðlilega steinhissa á ölu amstrinu í kringum sig og starði á fólkid.



Einar Jónsson.

MISSTI AF SÍÐASTA BATNUM

Kristinn sagði okkur að hringt hefði verið i sig rúmlega hálfvö og sé sagt að eldgos væri í eynni.

„Maður gerði sér ekki almenni grein fyrir því sem var að gerast, en svo kom tilkynning frá lögreglanum um að við settum öll að fara niður á höfn og fara um borð i bátana. Við brugðum auðvitað skjött við og tókum börnin okkar tvö, pökkuðum niður í töskur helstu flíkum og fórum niður á höfn. Þegar við komum þangað var síðasti báturnum að leggja frá bryggju og höfnin var tóm, nema bara smábátar.

Við náðum þá að stað upp á flugvölli og þá var komið nokkuð þykkt öskulag á göturnar og stórir gjallhlunkar farnir að falla. Við komumst svo um borð í flugvélina og það var eiginlega ekki fyrr en þá að maður gerði sér grein fyrir því sem var að gerast, þegar maður sá gosið fyrir neðan sig um leið og flugvélin fór framhjá. Maður verður bara að vona að maður komist heima sem fyrst“ sagði Kristinn að lokum.

BÆRINN I LJÓSUM LOGUM

Fjóla Sigurðardóttir: „Ég á heima í austurbænum og var vakna upp um hálfvöleytið og þegar ég leit út um gluggana var eins og barinn væri hreinlega í ljósum logum. Auðvital brá mér óskaplega og ég er nú varia búin að gera mér grein fyrir þessum óskópum. Fólkid í bænum var tiltíðulega rölegt, þetta gekk allt skipulega fyrir sig. Við fórum fíjólega upp á flugvöll og eruðu með nokkrar flík ur með okkur. Það var alveg hryllilegt að vakna upp við þetta. Við elgum þrjú börn, eruð með tvö með okkur, en uppkominn sonur minn hefur líklega farið með kerustuna sina í eihvernum bátinni.“

GJALLHLUNKAR

Einar Jónsson, Vesturvegi 8, sagði: „Ég vaknaði upp kl. 2 við einhver leti. Ég leit ekkert út strax, en svo kom kunningi minn og bankaði í gluggann hjá mér og þegar ég leit út var eins og hálfur berinn væri í ljósum logum. Maður var nú heldur snöggrur að koma sér í fótum og við keyrðum eins langt og við komumst í áttina að gosstaðnum. Það an fórum við svo niður að höfn og þar var mikill mannfjöldi. Það var mikill uggrur í fólkini. Lögreglan sagði okkur að fara í einhvern bátinn, en við vildum himakra svoltið við. Við okum um bæinn og þá var komið talsvert gjall á göturnum. Við fórum svo heim aftur, en skömmu seinna komu menn í blokkina, þar sem ég bý og sögðu okkur að það biðu

Framhald á bla. 11.

Efsta myndin er af Kristni og Elísabetu, þá koma Una Þórdardóttir og börn hennar, næst Ingólfur og Jóhanna og neðst Una og Jón Stefánsson með frændsystkini hennar.

Ljósmyndir Mbl. Valdís.



Helgafell gaus síðast fyrir 5000 árum


VESTMANNAEYJAR, sem telja 15 eyjar og um 30 sker og dranga, hafa hladozt upp á gosspungum með NA-SV-stefnu í sjávar- og hraungs-um á síðustu 10 til 15 þúsund árum. En ekki er talið að gos-tó hafi í Heimaey i 5000 ár.

Við gos í Helgafelli þá tengdu hraunstraumar saman tvær eyjar „Dalfjall“ og „Sæfjall“. Stórhöfða“, en hin þriðja, Heimaklettur, tengdist hinum eyjunum með malarripi. En eftir að eyjarnar hlóðust upp, hefur sjávargangur tegt þar og brotið, að því er Þorleifur Einarsson segir í jarðfræði sinni. Eftir allan pennan tíma áttu mennt varla von að eldgos hæfist aftur í Heimaey.

Surtseyjargosið 1963 brá


nýju ljósi á sköpunarsögu Vestmannaeyja. Þær hafa hladozt upp á gosspungum. Inni eyjarnar eru úr gosmöl og hraulögum og örðnar til við svipuð gos og Surtsey, p.e. þeyti- og hraungs. Sumar eyjarnar eru greinilega hlutar af gigbörnum, t.d. Hellisey, en á örðrum eru gjall-gigar, t.d. Helgafell, sem nú er aftur farið að gjósa.

Skýringuna á hinum tiðu eldsumbrotum á Íslandi og undan Íslandsströndum mun að nokkru að finna í jarðfræilegri legu landsins. Ísland liggur mitt á meðal þeirra landsvæða, er hlóðust upp í Norður-Atlantshafi í blágrýtisflæðigosum á tertier-timabili og er miðsvæðis á þeim hrygg. Benda jarðfræilegar rannsóknir síðari ára á, að landi sé raunverulega að gildna í sundur um þetta belti þótt hægt fari, en eftir Atlantshafshryggnum endilöngum liggur gjá. Þær hafa margir jarðskjálftar og eldsumbrot átt upptök sin og eru þekkt neðansjávargosin á Ascension og Azoreyjum 1957. 1961 brann Askja á Íslandi, sama haust urðu íbúar Trist-



Atlantshafshryggurinn liggur með sínu sprungubelti gegnum Ísland og hafa allar gosspungar þar stefnuna SA—NV, einnig sú, sem var að opnast í Heimaey.

HEIMAHEY



Kortið sýnir Heimaey og gosspunguna austan á eynni, sem byrjar skammt frá flugvellinum, liggur meðfram Helgafelli og í sjóinn austan við kaupstaðinn.

an da Cunha að yfirgefa ey-sina vegna mikilla eldsumbrota og 1963 varð neðansjávargosin á Ascension og Azoreyjum 1957.

En gosið, sem nú er hafid í Heimaey, er í sprungu á

eldfjallahryggnum, sem gengur í gegnum Ísland. Hefur sprungan, sem nú hefur opnað bar, sömu stefnu og aðrar gosspungar landsins, liggur frá suðaustri til norðvesturs.

Farbegar rólegir



Rætt við Pál Stefánsson flugmann

PÁLL Stefánsson flugmaður hjá F.I. var aðstoðarflugmaður á fyrstu Fokkervélinni, sem opnaði loftbrúna. Pál var að koma úr annarri ferð sínni og við spjölluðum stuttlega við hamn meðan hann fékk sér kaffi áður en lagt skyldi upp að nýju.

Við lentum þarna fyrst um fimmleytð í morgun. Þá var vindur hægur og allar aðstæður góðar. Nú í þessari ferð var hins vegar farið að hvessa og vindhráðinn allt

upp í 35 hnútu í hvílunum. Þetta er þó allt í lagi meðan vindur standur beint á braut.

— Er erfitt að lenda á vellinum?

— Það er allt í lagi með flugvélinni sjálfan, hann er ekkert skemmdur og gosstærurinn er um 4–500 metra fyrir norðan brautina. Það er að visu nokkrum ókyrrð í loftinum og mikill brennisteinsfnykur.

— Hvernig eru farpegarnir?

— Þeir hafa verið ósköp ró

legir allir saman, nema hvað ein stúlka fékk vægt tauga-áfað. Það hefur verið þéttset-ið í vélinni og líklega höfum við flutt um 50 manns að börnum meðoldum í þessari ferð.

— Er þetta ekki mikilfeng-les sjón úr lofti?


— Jú, óneitanlega og það var einnig sérkennilegt að sjá alla bátanna stíma til lands. Það líktist einna helzt umferðargötu í stórborg að næst-unagi.



Þessi hestur í Vestmannaeyjum veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið við svo óvænta atburði — jörðin farin að spúa eldi í haganum hjá honum. Félagi hans einn mun hafa lent í einum eldgígnum um morganinn og er það eina slysið, sem kunnugt er um.



Frá björgunarstarfinu í nótt. Þeir voru ekki miklir pinklarnir, sem Eyjaskeggjar höfðu með sér. Hér eru myndir, sem Sigurgeir tók er fólk var að fara um borð í bát og þyrlu varnarliðsins. Það er auðséð að höfð eru snör handtök.



Morgunblaðid

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórar Matthías Johannesson,
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Styrmir Gunnarsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinsson.
 Ritstjórm og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10-100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22-4-80.
 Áskriftargjald 225,00 kr. á mánuði innanlands.
 1 lausasölu 15,00 kr. eintakið.

Einstætt afrek

VAFALAUÐ hafa fyrstu viðbrögð margra við fregninni um eldgosið í Heimaey í nött orðið þau að trúa ekki þessum tíðindum. Þær miklu náttúruhamfarir, sem nú ógna 5000 manna byggð, stærstu verstöð landsins, eiga sér enga hlíðstæðu í sögu þjóðar okkar, a. m. k. ekki á síðari öldum.

Hið fyrsta, sem upp í hugann kemur, þegar fjallað er um þessa örlagaríku atburði er að-dáum á þeirri stillingu og hugrekki, sem íbúar Vestmannaeyja sýndu í nött. Með ótrúlega skjótum hætti, á örfaum klukkutímum, var mikill hluti Vestmannaeyinga kominn af stað á leið til lands. Kl. 6 í morgun var tilkynnt, að um 3500 manns hefðu yfirgefið Heimaey. Svo miklir mannflutningar á skömmum tíma takast ekki nema hver og einn sýni mikla stillingu og að sterk stjórnan og skipulag sé ríkjandi. Hér hefur einstætt afrek verið unnið.

Annað, sem athygli vekur, eru hin skjótu viðbrögð Almannavarna. Þetta er í fyrsta skipti, sem í alvöru reynir á almannavarnir hér á landi. Þessa fyrstu prófraun hafa þær staðizt með einstökum hætti. Á skammri stundu voru skip, flugvélar og almenningsbifreiðar kvaddar til að taka þátt í fólksflutningunum miklu og ráðstafanir gerðar til þess að rýma nauðsynlegt húsnæði í höfuðborginni.

Þegar þetta er ritað getur enginn séð fyrir afleiðingar þeirra náttúruhamfara, sem nú geisa í Vestmannaeyjum. Nú, þegar telja má næsta öruggt, að takast megi að koma í veg fyrir manntjón af þeirra völdum, er sí spurning efst í huga, hvort þessi þróttmikla byggð leggst í eyði eða hvort máttarvöldin taka í taumana og bjarga Vestmannaeyjum. Um það getur enginn spáð.

Um aldir hafa Íslendingar háð harða baráttu við náttúruöflin. Ætla mætti að með tækni nútímans gætum við haft betur í þeirri haráttu. Og vissulega erum við betur undir það búin að takast á við þau nú en fvrr á öldum. En staðreynd er það samt, að frammi fyrir eldsumbrotunum í Vestmannaeyjum erum við lítlis megnug. Fólkid bjargast en hvað um hvoggina?

Þær þúsundir Vestmannaeyinga, sem um þessar mundir eru að koma til höfuðborgarinnar, munu fá hlýjar og góðar móttökur. Við eיגum þá ósk bezta þeim til handa, að þeir megi sem fyrst komast til heimabyggðar sinnar aftur.

VID HÖFUM A VID STÖND

ENGUM. sem vitni varð að, mun úr minni líða afrek það, sem unnið var sl. nött, þegar þúsundir manna voru fluttir frá Vestmannaeyjum til Þorlákshöfn. Eins og nærrí má geta áttu þeir, sem skipulögðu móttökum fólkssins í Þorlákshöfn, von á því, að ýmislegt gæti gerzt, þegar um slikt fjölmenni var að ræða og neyðarástand ríkjandi. Föringi hjálparsveitar skáta sagði, áður en fyrstu skipin komu til hafnar, er hann var að lengja mönnum sínum lífsréðunar: „Verið viðbúnir því strákar, að þetta verði öngþveiti. Þegar skipin koma, bannið að ekkert má út af bregða.“ En reyndin varð allt unnar.

Fyrsta skipið, Arnar RE 1 lagð ist að bryggju í Þorlákshöfn klukkan 7.15 og með því komu fyrstu íbúarnir, sem orðið höfðu að yfirgefa Eyjarnar. Þegar í stað voru skátar og björgunar sveitarmenn komnir á bryggðuna og í báttinn og hjálpuð fólkini í land og uppi í langferðabilana, sem bíðu á bryggjumi eða í grenndum, tugum saman. Tók aðeins örskamma stund að koma fólkini í land. Síðan kom næsta skip og svo kóll af kólli. Stundum voru til til fimmtíð skip að „manuera“ í Þorlákshöfn á sömu stundu, og var aðdáunarvert hvernig skþverjar stýrðu fleyjum sínum á svo litlu athafnasaði. Og æðruleysi fólkssins, þegar það kom í land, er annað sem ekki yzmyst, þeim er á horfðu.


Enn óhóop höfðu orðið í Þorlákshöfn, þegar blaðamaður Morgunblaðsins yfirgaf staðinn

á niunda timanum, þrátt fyrir alit sem þar gekk á. Læknir frá Borgarsnitaðum var á bryggjunnar, ef að þyrti að halda og sýnti þeim, er þess burftu með. Alls höfðu lögreglunni borist til kynningar um sjúkraðstöð frá 5 bátum, og í einu tilfellinu var um sengurkornu að ræða, sem alts gat barn sitt á hverri stundu.

Morgunblaðð tók nokkrar Eyjabúa til þegar í land kom, og spurði þá um atburði næturinnar.

ELDURINN NIÐUR ÁÐ SJÓ

Með fyrsta skipinu var talsvert af börmum og unglungum, og þar á meðal þau Unnur Eliasdóttir og bröður hennar Guðmundur, Pétur Guðjónsson og bröðir hans Sveinbjörn. Þau voru á aldrinum 10-15 ára. „Nei, ég varð ekki beint hræddur þegar ég frétti hvað var að gerast,“ sagði Pétur, „heldur var ég aðallega



ADEINS FÖTIN SEM DUM Í

ruglaður, já alveg rínglaður. Klukkan var að verða tvö, þegar við vorum vakin með þessum óskopum. Þegar út kom gat maður séð eðinn alveg frá öxlum Helgafells og nýður að sjó, en sprungan er held ég alveg út að Bjarnarey." Þétur sagði okkur einnig, að hann byggi ásamt feldrum sínum austast í benum, eða næst gossvæðnu, því hafi fjölskyldan í fyrstu drifist sig út úr húsinu til annarra² fjölskyldu, sem átti heima lengra frá, en þaðan var síðan far að niður að höfn og um bord í Arnar. Ekki höfðu börnin annað meðferðis en fötin sem þau stóðu í, tímum haði ekki gefist til að sækja annað. Það mátti heyrá að þeim að þetta var mikil lífsrynsla, og Guðmundur litli sagði: „Ég er ennþá titrand.“

ELDHAFIÐ VIÐ HÚSDYRNAR

Máð Arnari kom einnig öldr-

uð kona, Lilja Gísladóttir, ásamt eiginmanni sinum. Hún kvaðst alveg miður sín. „Ég veit ekki hvað um þetta er að segja. Við búaum austast í bænum eða í Kirkjubæ, en það eru húsin, sem standa næst Helgafelli. Og nú hef ég heyrta að húsð okkar sé komið undir hraun,“ sagði gamla konan og tárðist.

„Þegar við urðum fyrst vör vð eildinn, við sum við satt að segja ekkert hvað um var að vera,“ sagði hún ennfremur. „Fyrst sagði maðurinn minn, Þétur að þetta hlyti að vera sínu bruni, en ég talði það að af frá, því sínubruna fylgja ekki drunur og sprengingar. Svo fórum við út að athuga þetta betur, og þá reyndist eldhafifl eiginlega vera rétt við húsdyrnar, svo að það var ekki um annað að gera en forða sér í skyndi. Við höfum því ekki annað en það, sem við stöndum í.“

FÓLKIBÐ FURÐU RÓLEGT

Högni Sigurðsson býr austarlega í bænum, og hann segist hafa vaknað upp við drunur og sprengingar kluskkan rúmlega tvö og kvaðst vart hafa trúð eigin augum, þegar hann sá, að Helgafell var byrjað að kjósa. „Þetta er ægilegt, maður er varla farinn að átta sig á þessu ennþá,“ sagði hann. „Löggreglan og loftskeytastöðin hringdu í ýmis hús við göturnar og létu vita, einnig ólu löggregubilar og slökkvilið um götur með sirenur til að vekja fólkid. Fólkid, sem fyrst var vakið upp, gætti þess einnig að fara í húsin við göturnar, þar sem það bjó og gengið var úr skugga um, að allir vissu hvað um var að vera.“

Högni kvaðst fíjólega hafa yfirgefið hús sitt, þar sem það er svo austarlega í bænum, og eftir að hafa sett sig í samband við skydítólk sitt fór hann með eiginkonu og dóttur nýður að bryggju. Þar komst hann um bord í Arnar. „Annan verður ekki sagt, en að bæjarbúar hafi tekið þessum atburði með mikilli stillingu,“ sagði hann ennfremur. „Auðvitað greip talverð hræðsla og angist um sig, en það varð ekkert öngþveiti, eins og maður kymni að hafa haldið í hamförum sem þessum.“

Á 4 ÞÚSUND MANNS MED BÁTUM

Með einu skipama kom einnig Sigurbjörn Pálsson ásamt konu sinni. Hann hafði aðeins meðferðis þriggja mánaða hvolp, sem hann hafði þurft að

Framhald á bls. 10.



Föustum tökum heldur líta telpan frá Vestmannaeyjum um gullhamsturum sinn og sennilega verða þau óaðskiljanleg í „útleiðinn uppi á landi“. — Á myndinni til vinstrí sér, hvar Eyjabátur hlaðinn fólk kemur til Þorláksfamar í gærmorgun og á myndinni hér fyrir neðan halda Eyjaskeggjar áfram með bílum til Reykjavíkur. (Myndirnar tók Sveinn Þormóðsson).



Neyðaráætlun Almannavarna í reynd:

4.000 manns fluttir til lands á 4 klukkustundum



STRAX og fregnir bárust af eldgosinu á Heimaey kom Almannavarnaráð saman í stjórnstöð Almannavarna í lögreglustólinni í Reykjavík. Þegar var hafist handa um skipulegan brottnflutning íbúa Vestmannaeyja eftir fyrirfram gerðri áætlun, sem Jón Böðvarsson, lönaðarverkverkfæðingur, hefur gert, og ber heitið: „Um skipulag brottnflutnings íbúa Vestmannaeyja vegna mögulegrar heftu af voldum náttúruhamfara.“ Á fjórum klukkustundum í nött voru samtals 4.000 íbúa Vestmannaeyja fluttir til lands. Íbúar eyjanna eru taldir vera 5.300, en þeir, sem eftir eru — samkvæmt þessum tölum um 1.300 manns — víldu ekki yfirgefa eyjarnar af ýmsum ástæðum, m.a. voru þar á meðal menn, sem hafa einhvern búskap í Eyjum og víldu verða eftir vegna búþenging sins.

Notaður var búnaður og birgðir Almannavarna og jafnframt var allt lögregluð Reykjavíkur kvatt út og haft var samband við björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands, skáta og flugbjörgunarsveita til undirbúnings móttökum fólks frá Eyjum. Sveitir lögreglumanna voru þegar sendar flugleiðis til Eyja til aðstoðar lögreglumni þar. Einmig voru strax gerðar ráðstafamir til aðstoðar við brottnflutning fólks, en bátaloti Vestmannaeyja var að sjálfsgöðu nýtur í þeim tilgangi. Varnarliðið sendi þyrlur til flutnings sjúklings frá sjúkrahúsini í Eyjum og flugvélar Flugfélags Íslands fluttu fólk til Reykjavíkur ásamt fjölmögum einkaflugvélum. Skipum Landhelgisgæzlunnar, svo og nærtakum skipum Skipautgerðar ríkisins var stefnt til Eyja svo og Elmskipafélags Íslands og öðrum nálgum skipum og bánum.

Gerðar voru ráðstafamir til þess að senda tiltekkir áætlunarbisfreðir og strætisvagna í Reykjavík og nágrenni til Þorlákshafnar til flutnings á fólk til Reykjavíkur, þar sem Rauði kross Íslands annast skiplagningu og móttökum fólk eins i Árbæjarskóla, Melaskóla, Styrimannaskóla, Hamrashlíðarskóla og Austurbæjarskóla. Sjö læknar voru sendir til Þorlákshafnar til þess að hlymma að veiku fólk ásamt öðru aðstoðarlögi til þess að veita aðhlymingu. Talið er, að 4.000 manns hafi í nött verið flutt til lands með skipum og flugvélum.

Að blaðamannafundi hjá Almannavarnaráði í morgun um klukkum 07 komu þessar upplýsingar fram, en í ráðinu eiga seti: Þóður Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, en hann er forstöðu maður ráðsins, Sigrún Sigurðsson, lögreglustjóri sem sér um aðgerðir, Jón Skúlason, póst- og símaástjóri, Sigurður Jóhannsson, símaástjóri, Ólafur Walter Stefánsson, deildarstjóri í dómsmálaráðuneytinu, og Ólafur Ólafsson, landlæknir.

Fimmtíu stórir fólkuslutningabílar voru sendir austur til Þorlákshafnar, þar á meðal 10 strætisvagnar úr Reykjavík. Fólkuslutningabílarnir voru frá Njarðvíkum, Hveragerði, Selfossi, Kópavogi og viðar, skólabílar og yfirleitt allir bílar, sem



Hugurinn er hjá Heimaey

ÞEIM er að vonum skrafðjúgt um sína einstæðu reynslu Vestmannaeyingunum, sem á efstu myndinni fá sér heitt kaffi í kroppinn í Austurbæjarskólanum í morgun. Og ekki báir; – efalaust er þessi landför Vestmannaeyinga undan eldi jarðar í hvers manns huga og á allra vörum.

En hugurinn er hjá Heimaey, þó meginlandið sé undir fótum. Það leynir sér ekki á myndinni af gömlu konunni, sem styður

hönd undir kinn og hugsar nú um það eitt, hvenær landsins lukka snúist henni aftur í hag svo að hún megi á ný ganga um stofuna sína heima, þar sem kannski bíða blóm í glugga.

Og hver sér ekki vonina í augum telpanna á hinni myndinni; þá von sem enginn eldur úr iðrum jarðar getur kæft.

Myndirnar tók Brynjólfur Helgason.

til náðist. Taldi Nögreglan að nsegu bilakostur væri til þess að flytja um 3.000 manns með bílum frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur. Þá var einnig gert ráð fyrir að hýsa fólk i Hlíðardalsskóla í Ölfusi, húsi Meitilsins í Þorlákshöfn og í verburð þar. Þengslavegt var lokad og sendi lögreglan og Almannavarnir út boð og báð fólk um að fara ekki austur fyrir sjall til þess að tefta fyrir flutningum Vestmannaeyjanna. Samt varð mikil þróg vegna umferðar.

Um 70 bátar í Eyjum fluttu fólk, svo og þyrlur varnarlösingins og Flugfélags Íslands auk smærri flugvél. Lögreglan sendi 18 manna lögregluflokk til Vestmannaeyja með flugvél til þess að aðstoða heimildið við löggæzlustörf.

Stöð Almannavarna var í fyrsta sinn tekin í notkun í nött og elming birgðir þeirra, svo sem teppi, dýnur og annar útbúnaður, sem Almannavarnir hafa eignað. Gert er ráð fyrir að skolarnir, sem teknir voru í notkun fyrir fólk i nött, verði eins konar dreifistöðvar og þeir, sem eiga vín og vandamenn, fari síðan og

búi hjá þeim, verði áframhald á gosinu og fólkid eigi ekki afturkvæmt heim á næsturni. Þá munu hótelin í Reykjavík hafa haft um 500 rúm laus til þess að hýsa fólkid.


Það kom fram á blaðamannafundinum að mikil hálpaði hversu veður var gott í Eyjum. Í fyrrið var t.d. eigi lendandi á flugvelliðum sökum veðurs og allir vita, hve vangæfur flugvöllurinn getur verið fyrir ákvæðnum vindáttum. Hins vegar hefði veður þurft að vera anzi slemmt hefði það heft sjóleðina.

Sambandið við Eyjar um síma rofnaði aldrei og rafmagnför var aldrei. Hálpaði það mikil. Auk skipa, sem áður eru nefnd, p.e. skipa Elimskipa, Ríkisskipa og Landhelgisgeðunar, fóru bátar strax af stað frá Grindavík, Sandgerði og Þorlákshöfn til þess að seekja fólk. Fyrstu bátarnir komu frá Eyjum til Þorlákshafnar um kl. 07.20 og voru þá 37 stórir fólkflutningabílar kommir þar austur og stóðu í röðum á byggjum.

Sjúkrahúsin í Reykjavík voru rýmd fyrir fólk frá Eyjum og þá einfum sjúklingum

úr sjúkrahúsini þar. Landspítalinn rýmde 30 til 40 rúm, Borgarspítalinn eimig og Landakotsspítali. Fólk varð velkt á leiðinni til lands með bátunum og báðu skipstjórar bátarinnar um að laeknar yrðu til takas í Þorlákshöfn. Þá eru laeknar í öllum skólum Reykjavíkur til þess að aðstoða laurburða fólk, sem þar gisti.

Það voru alls 2 Fokker Friendship-vélar, sem selfluttu fólk frá Eyjum, fjöldi einkaflugvél og þyrlur varnarlösingins. Landssímastöðin í Vestmannaeyjum er í hættu, sagði Jón Skúlason, póst- og símanálastjóri, ef gosíð breytir hegðan sinni. Í stöð við Sæfell er tengiliður Íslands við umheiminn um síma. Þar liggja beði kaplarnir vestur um haf og til Evrópu, Icecan og Scottice. Strengirmir liggja síðan út í svokallaða Klauf, sem er ekki langt frá gosprungunni. Breyti hraunrennslisstefnu sínni, getur talsambandin við útlönd verið í hættu, svo og höfni í Vestmannaeyjum, en þar liggur einnig vatnsleiðslan góða, sem flytur Vestmannaeyingum vatn frá meginlandinu.



**Helgafell
á sumardegi
og löngu
áður en
guðirnir
reiddust**



Fyrstu Vestmannaeyingarnir kommir í Melaskólan.

(Ljós. Mbl.: Brynjólfur)

Réð hulinn verndarkraftur veðrinu?

Oskar Sigurðsson á Stórhöfða er þriðji ættildur, sem mælir veður og gerir veðurathuganir fyrir Veðurstofuna í Vestmannaeyjum, að því er Páll Bergþorsson, veð

urfræðingur tjáði Mbl. í morgun. Páll sagði okkur að veðrið í Eyjum hefði verið svohljóðandi:

Í geardag klukkan 15 voru 11 vindstig á Stórhöfða, súld

og rigning og var ekki flugveður til Eyja. Á timabilinu frá klukkan 15 til 18 datt veðrið niður í strekking og lægði enn og rétt um það bil er fyrstu jarðskjálfarnir

gerðu vart við sig í Eyjum um klukkan 22 í gærkvöldi. Um miðnætti var orðið kyrrt veður, rétt eins og hulin verndarkraftur stýrði veðri og vindum.

I nött hélzt svo þessi kyrr i veðrinum, en þó varð breytileg átt að sunnan og suðaustan fram yfir klukkan 08. Um klukkan 06 var komin austan og suðaustan kald, 4 vindstig og jókst vindur með morgnunum. Um nöttnina var skýjað og úrkomaustur en regn fór að falla í morgun-

gerð. Klukkan 09 var komin austan og norðaustan átt 5 vindstig, rigning og 3 ja stiga hiti.

Þessu veðurlagi réð smálegð, skammt suður af landinu. Þessi lægð stefndi yfir Island og henni átt að fylgja breytileg átt og skúrir, en þó var gert ráð fyrir frekar kyrru veðri. Hins vegar benti Pál á að ekki þyrft að hreyfa mikil vind til þess að óþægilegt yrði að lenda flugvélum í Eyjunum og gert var ráð fyrir að fremur yrði lágskýjað.

Síðustu fréttir:

Hraunrennslið minnkandi

Vestmannaeyjum, klukkan 10. Frá Árna Johnsen, blm. Mbl.

GOSSPRUNGAN í jaðri austurhlíðar Helgafells hefur nú þézt í giga, en þó kraumar hún svo til samfellt. Mönum á Kirkjubæjunum, austustu

bæjumur ber saman um, að hraunkraumið og rennslið hafi minnkað með morgnunum.

Við gengum alveg að gosprungunni ná fyrir nokkrum minútum, en hún hefur hlaðið upp 40–50 metra háan-

hraunhrygg eftir gosstöðvunum endhiðngum. Ekkert hraun rennur nú í áttina að kaupstaðnum og það, sem rennur af hrauni, rennur austur af hömrundum í sjóinn. Um 200 metrar eru frá hraunhrygnum í næsta hús. Tóluvert er


af ösku í Kirkjubæjunum, en lítið sem ekkert öskufall í bænum.

Sjötu metra hrauntangi er genginn austur úr hömrundum. Eldgosið er nú ekki eins ógnvejkjandi og í næstumyrkrinu og meðan eru hressir og hafa orð að því, að gott sé að fá þennan nýja hraunhrygg til að skýla bænum fyrir austanáttinni.



Við komuna til Þorlaks-hafnar

Framhald af bls. 7.



Tekit á móti fólkini í Þorlakshöfn.

halda á í fanginu alla leiðina frá Eyjum til lands. „Við áttum líka kött, en hann urðum við að skilja eftir,“ sagði Sigurbjörn.

Hann kvað hafa veri heldur óhrjálegt um að litast í Eyjum, þegar hann yfingraf beim, Helgafell eitt ekhaf og aska byrjuð að falla. „Auðvitað kom tóluvert fát á fölk, þegar það áttalíð sig á því, hvad um var að vera, því að þessu átti enginn von,“ sagði Sigurbjörn. „En annars var fólkis rólegt og það hefur bjargað miklu. Það hópaði sig niður á bryggjurnar og þar gekk ákaflega vel að koma því um bord. Elins og er heldr ég að sér á fjórða þúsund manns með bátum og skipum á leið til lands.“

6 ÁRA Í DAG

„Það var hringt í mig um tvöleytið og maður tilkynnti mér, að

Helgafell væri byrjað að gjósa. Auðvitað trúði ég þessu ekki í fyrstu, hélt að þetta væri eins og hvert annað fyllerisröfl.“ sagði Guðfinna Ólafsdóttir. Hún var komin inn í bíl Hjálparsveitar skáta með tvíburana, Ólaf og Stefn, sjó ára og Kjartan, sem a sex ára afmeli í dag. „Heldur ómurlegur afmælisdagur varð,“ sagði Guðfinna. Elgimáður hennar, Erlendur Stefánsson, varð eftir í Eyjum og reyndar kvaðst Guðfinna ekum hafa óskar þess, elgimáðurinn vildi að hún feri með drengina. Nú ætlaði hún að fá far til Selfoss, þar sem hún ætti settingja í Vík í Mýrdal og þeir munu sækja hana pangas. Drengirnir voru afar rólegir við hlið móður sínum. „Já, það er mestu furða hvað þeir eru hraustir,“ sagði hún. „Þeir hafa ekkert orðið hreiddir, en auðvitað eru þeir

ákaflega spennir út af þessu óllu.“

SKIPIN EINS OG BORGAKHVERFI

Stefán Jasonarson í Vorsabæ var gestkomandi í Eyjum og var vafalaust sílasti maðurinn, sem fór í kningum Helgafell fáður en þeir byrjaði að gjósa. Við hittum ham að mál, þegar hann var að ganga frá bordi Sólborgar.

„Góður vinur mimm bandi mér í ökuferð í gerkvöldi. Reyndar hafði ég ætlað að fara frá Eyjum þá fyrir um daginn, en fókk ekki flugfar, svo að þetta varð fyr. Helgafell var þá kyrrið og mér datt ekki í hug það sem síðar gerðist,“ sagði Stefán.

Hann kvaðst hafa farið heim á Hótel Berg og sofnæd þar svefn himna rétilátu, en verið

vakin um tvöleytið, þegar hótelhaldarinn tilkynnti tilindið. „Og þegar ég kom út a gótu sá ég hvar meðan voru að reka kia-hóp. Þeir höfðu sótt þær i náð við fjallið, og voru nú að koma þeim á öruggari stað.“

Stefán sagði, að um horði í Sólborgu hefði verið um 150–60 manns, þegar skipið léti úr höfni. „Allir báru sig vel á lefðinni,“ sagði hann, „enginn virðist verulega sleginn, heldur voru allir rólegir, bó að angist skini úr stíku andliti. Foreldrar hittu að børnum sínum eftir fóngum og skipverjar voru einkar Hjálpsamir og vildu hvers manns götu greidla. Og þegar flotim var kominn út á haf var engu líkara en að lína yfir borgarhverfi. Þarna sigdu tugir báta með Vestmannaeyinga í örugga höfn,“ sagði Stefán.

Morgunblaðid

Vináttosattíðinni
málfalldi aldrei
mildlyngingar

Sendum herskip að
landsmið ef þórf er að

Vopnahlé undir-
ritat á morgun?

John-
son
lat-
inn

150 manns biðu þessa

Tvær forsíður

Er fréttin um eldgosið í Vestmannaeyjum barst Morgunblaðinu voru prentvélar blaðsins í fullum gangi við að prenta það blað, sem lokkó var við á miðnætti. Þegar

vélarnar voru stöðvaðar höfðu verið prentuð 17000 eintök. Var þá forsíðan tekin upp og síðustu 23000 eintök, því með annarri forsíðu eins og myndirnar sýna.

Morgunblaðid

ELDGOS Í HEIMAEY

150 manns sendum herskip að landsmið ef þórf er að

Sendum herskip að landsmið ef þórf er að

JOHNSON LATIN



Sjúklingar voru með þeim fyrstu, sem fluttir voru á brott.

- Neita að fara

Framhald af bls. 12.

fjarri höfnumni. Ef hraunrennslí heldur mikil áfram þarna, er vatnsleiðin milli lands og Eyja í hættu. Mikil hvinir fylgja gos inn, óskulag yfir eyjunni er orðið um 2 sm á þykkt og brennisteinsfrykun er í lofti.

Klukkan fimm í nött gengu blaðamenn Mbl. á tind Helgafells, en þar var þá varla vært vegna elds og brennisteins. En markmiðinu var nán — myndir voru teknar og útsýni gaf yfir alla Helmaeyar. Allur austurbaðar Helmaeyjar vall í glöðandi hrauni. Kaupstaðurinn í norðri var orðinn drungalegur, fólk haði yfirgefíð hús sín; sjúkra- og lögreglubilar sást fara um götur og bátar flyktust út höfnum og sigldu í fylkingum til lands. I vesturbænum var allt með kyrrum kjörum, en í suðri blasti við umferðin um flugvöllum. Þar var sannkölluð loftbrú, því flugvélar komu og fóru hér á fætur annarri. Mjög skjótt var brugðið við, til dæmis var fyrsta flugvél FÍ, komin til Eyja um klukkan fjögur í nött. Flugfreya í þorri vél var örnn Johnson, forstjóri Flugfélags Íslands.

Pegar við blm. Mbl. lentum, voru konur og börn þegar komin upp á flugvöll og var hvert sæti flugvélarinnar að sjálftögðu skipað til Reykjavíkur aftur. Hvarvetna í þeum var fóli að taka sig til. Það var engin aði á mönnum og einstaka spaugryrði fauk á stangli. Men höfðu fábrottna pinkla með sér. Þetta minnti eina heilt á þjórháttóarstand, bó málid væri nái miklu alvarlegra, þar sem fólk var að yfirgefa heimili síu á vitneskjum um það, hvernig mál myndu ráðast.

Rútbæfreðar óku um bænum og töku fólk upp. Var ýmist ekki upp á flugvöll eða niður að höfn í stóku húsum var sklið eftir ljós, vaktmenn eru í frystihúsunum, en ekki verður annað sagt en dapurlegt bragð sé yfir þeum; klæddum óskumóttill. Landakirkja var skilin eftir opin og upplýr. Við litum þar inn klukkan sjó í morgun Enginn maður var pá i kirkjunnini, en satt að segja datt okk-

ur í hug, hvort þess Landakirkja, sem byggð var 1774, ætti eftir að verða eldinum að bráð, eins og sú Landakirkja, sem Tyrkir brendu 1627.

Engin slys hafa orðið á mönnum í nött eða mongun. Kyr og annar peningur búenda var rekinn úr húsi og var meginhluti fenaðar fluttur í fiskimjölsgeymslum við höfnum, þar sem heyingdir eru geymdar. Hesta sáum við í gírlingu nokkuð hundruð metra frá gossprungi og voru þeir orðin mjög ókyrrir. Var gírlingin felld til að hleypa þeim út. Norður á Eyjafeldist hestur og hljóp hann beint í hraunstrauminn. Honum varð ekki bjargað og var hann afliðaður.

Par sem svo mangir Eyja-

skeggjar brugðu svo skjótt við og hækdu til báta í nót, þegar eldar lögðu á túnumnum við austurbyggðina, þá urðu vandræði með bensin á bila og báta, rafgeyma, björgunarhjálma og fleira. En lögreglan gaf skipum um að bensingesmar skyldu brotnir upp og verzlanir einnig og var það gert. Fókkst þannig nauðsynlegur varningur til björgunarstarfsns.

Bátar, sem voru í stíppnum, átti að setja á flot nú í morgun. Veðrið í nött réð miklu um það, hve björgunarstarfsið gekk fljótt og vel fyrir sig. Það var hægviðri og breytileg átt — gott skyggi. Með morgnunum for að hvessa verulega af austri og rigndi, en þó eru flugvélar enn að fíljuga nú klukkan niðu og fyrir skammti stundu lengu tvær byrlur og Douglas-vél frá varnarlöðinu. Póstmeistari þeirar bankaði hér á rétt í þessu. Hann kvaðst hafa geng-

ið á ljósíð, en hér er ljós nú í fáum húsum. Leitaði hann fréttu og kvaðst biða fyrirskipana frá yfirmónum sinum í Reykjavík um það, hvernig meðhöndla skyldi peninga og aðra muni stofnunarinnar. Hafði hann helzt uppi aðform um að taka mestan hluta peninganna með sér í ferðakoffrt til Reykjavíkur.

Lögreglumenn og björgunar-menn komu frá Reykjavík og hafa þeir aðstoðað heimamenn við björgunarstarfsið. Lögreglan, skátar og annað björgumarlið en nú að kenna nákvæmlega, hvar fólk er í húsum til þess að skjótt megi bregða við, ef þurfa þykir. Komu einn, sem var að því komin að sá barn sitt, var komið um borð i fiskibát og fór laeknir með hemi. Menn, sem eftir stóðu á bryggjunni, höfðu við orð, að heldur þætti þeim verra ef konan fæddi nær meginlandinu en Eyjum.

- Á REYKJAVÍKUR- FLUGVELLI

Framhald af bls. 3.

flugvélar upp á flugvelli og við driftum okkur og hér erum við komin.“

Það var áberandi hversu fólk, ó sem var að koma með flugvélunum var rólegt og var varla að sjá hræslu á nokkrum manni, en eðillega voru margir kvíðafullir og sumir hafa sjálf sagt að ekki verið búinir að áttu sig á því sem var að gerast.

.ÉG HÉLT ÞETTA VÆRI MIKLU VERRA“

Hrönn Þórðardóttir: „Við búum austarlega á eynni og vorum vakin fljóttlega, gengið var fyrst í húsin austast, því þar var talin mestu hættan. Við vöktum börnini okkar, áttu mánaða og briggja ára og keyrðum niður í þær til foreldra minna. Fyrst í stað hugsaði ég ekkert nema að

bjarga børnum, ég hélt að þetta væri miklu verra. Við tökum þetta sem betur fer rólega og í stað þess að fara sjóleidinu bíðum við eftir flugvélunum. Við verðum ekki í neimum vandræðum hér í þeum, kunningarokkar og annað gott fólk mun örugglega hjálpa okkur.

ELDGOS KOM MÉR EKKI Í HUG

Una Georgsdóttir og Jón Stefánsson: „Ég var restur á sjóinn, þegar klukkuna vantæði sjó minútum í tvö,“ sagði Jón, „og var að kleða mig þegar ég heyrði einhverja skruðninga og svo lætin í brunalúðrunum. Við hélt ég að einhvers staðar væri að kvíkna í, eldgos kom mér ekki í hug, en það leyndi sér þó ekki þegar ég leit út.“

„Mér brá vitanlega fyrst í stað hugsaði ég ekkert nema að

að sig þó furðulega fljótt. Þetta eru ekki min börn heldur systur mílnar.“

„ENGINN REIKNAÐI MED AÐ HELGAFELLID FÆRI AÐ GIÓSA“

Ingófur og Jóhanna Helgadóttir: „Við bíum vestan við Helgafell og vorum því ekki í alvarlegri hættu. Það var mikil óskurok og gufu lagði yfir beeinn þegar við yfingáfum Eyjarnar. Ég reikna ekki með að nokkur Vestmannaeyingur hafi nokkurn tíma hugsað út í það að Helgafellið gæti farið að giósa.“

Mjög góð skipulagning var á öllu úti á flugvelli og starfsmenn flugfélagsins og Raubárossins skráðu farþegana jafnöllum og þeir komu úr flugvélunum og svo var fólk boðið upp á kaffisopa, meðan það beidfti bilunum, sem áttu að flytja það í Melaskóllann, þar sem það átti að hafast við til bráðabirgða, meðan það væri að finna settninga eða annað fólk til að fá samastað hjá.

PRIÐJUDAGUR 23. JANUAR 1973

Sumt eldra fólk neitar að yfirgefa heimili sín

Drungalegt um að litast í öskuþöktum bæ

Vestmannaeyjum í morgun.
Frá Arna Johnsen,
blaðamanni Morgunblaðsins.

ÞAÐ er tómlegt um að litast hér í Vestmannaeyjakaupstað nū. Um 5000 ibúar af 5500 eru farnir til lands síðan klukkan tvö í nótt. Enginn bátur er í höfninni, en á miðnætti voru þar um 100 bátar. Strax og eldgossins, sem er nokkur hundruð metra frá austurhluta hyggðarinna, varð yart, gripu Vestmannaeyingar til sinna ráða. Þar sem ekki var vitáð, hvort flugfært væri milli lands og Eyja, hélt fólk til hafnarinnar, þar sem sjómenninggangsettu bátaflotann á samri stundu. Nokkrir bátar eru ennþá í förum milli Eyja og lands, en allar bryggjur eru þaktar mannausum bifreiðum. Liðlega 4000 manns hafa farið með bátum til lands og um 800 með litlum flugvélum, flugvélum F.I. og þyrllum og öðrum vélum varnarliðsins. Sjúkrahús Vestmannaeyja er nú almyrkvað, því að allir sjúklingarnir þar rösklega 30, voru fluttir með þyrllum til Reykjavíkur. Öll viðbrögð vegna þessa eldgoss hafa verið mjög ákveðin. Eyjaskeggjar hafa haft fá orð, en gengið heim mun rösklegar til starfa. Nokkuð er um það, að eldra fólk neiti að yfirgefa heimili sín og er það látið um það, enda virðist bærinn sjálfur ekki í yfirvoandi hættu.

Þegar blaðamenn Mbl. komu hringað á fjórða timanum í nótt; minútum á eftir flugvél flugmálastjórnarinnar, sem lengst fyrst flugvela á Vestmannaeyjavelli, var tær klukkustund líðin síðan eldgosið byrjaði. Fólk hafði fundið allsnarpan jarðskjálfatökum um miðnættin, og síðan annan laust fyrir klukkan tvö. Þegar menn litu þá út um gríggja, trúðu þeir ekki sinum eigin augum — Helgafell var byrjað að ejjósa.

Gosprungan liggur svo til í þeimi stefnu frá suðvestri til norðausturs og er um 2 kilómetrar á lengd. Í alla mótt var stöðugt gos í allri sprungunni, en undir morgun var hún ellitub farin að þéttast á hófum. Hraunrennslí virðist þó ekki ykja mikil, en það rennur í sjó fram á einum stað; ekki

Framhald á bls. 11.

